

Sp.

45. Tillaga til þingsályktunar

[44. mál]

um upplýsinga- og fræðslustarfsemi um efnahagsmál í sjónvarpi.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á menntamálaráðherra að heita sér fyrir því, að sjónvarpið hefji svo fljótt sem verða má reglulega upplýsinga- og fræðsluþætti um efnahagsmál í umsjá viðskiptadeildar Háskólans og Þjóðhagsstofnunar.

Greinargerð.

Margir eru nú uggandi vegna þeirrar stefnu, sem efnahagsmál landsins virðast vera að taka. Yfirstandandi verkfall, vaxandi verðbólga, erlend skuldasöfnun, fallandi gjaldmiðill og yfirvofandi hættu á eyðileggingu náttúruauðlinda eru dæmi um mál-efni, sem gefa tilefni til þessa uggs.

Allt á sitt upphaf. Þegar vandamál rísa, þarf að finna orsakir þeirra, ef von á að vera um úrbætur. Hverjar eru réttar orsakir ofanefndra vandamála? Fjarri fer því, að landsmenn séu sammála um svör í þeim efnum.

Í lýðræðisþjóðfélagi er forsenda þess, að réttar ákvarðanir verði teknar — m. a. í efnahagsmálum — sterkt almenningsálit, sem byggist á þekkingu á grundvallaratriðum efnahagslífsins.

Frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur áralöng verðbólga verið undirrót vel- flestra vandamála efnahagslífsins og undirrót fleiri síðferðilegra vandamála en mörg- um kann að virðast í fljótu bragði.

Af hverju stafar þessi verðbólga?

Af hverju gengur okkur svo miklu verr en öðrum menningarþjóðum að ráða við hana?

Er sú útbreidda skoðun meðal landsmanna, að velflestir græði á verðbólgu, á rökum reist eða helber vitleysa?

Þetta eru spurningar, sem brióta þyrfti til mergjar í þáttum þeim, sem lagt er til í tillögu þessari að sjónvarpið hefji. Margar fleiri mætti nefna, en það biður framsögu málsins.

Tillaga þessi byggir á því, að viðskiptadeild Háskóla Íslands og Þjóðhags- stofnunar hafi umsjón með þáttum þessum. Það þýðir þó engan veginn það, að flutn- ingsmaður telji að einungis hagfræðingar og nemar í viðskiptafræðum komi fram í þeim. Nauðsynlegt er, að í þeim sameinist sú þekking, er fæst fyrir bóklegt nám, og ekki síður sú, er fæst fyrir reynslu í lífsins skóla.

Forustumenn í atvinnulífinu, úr röðum vinnuveitenda og launþega, fulltrúar einstakra starfsstétta og stjórnmalámennt þurfa að koma fram í þeim líka.

Nánar í framsögu.